

Haraldur Birgir Haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-2
850 Hellu



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. maí 2013
Tilvísun: UST20130300085/ksj


Ölversholt 1 og 3 í Rangárþingi ytra. Deiliskipulag íbúðar- og frístundalóða.


Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulag íbúðar- og frístundalóða að Ölversholti 1 og 3 í Rangárþingi ytra.

Væntanlegt deiliskipulag tekur til jarðanna Ölversholts 1 og Ölversholts 3. Jarðirnar eru rúmir 80 ha hvor. Áætlað deiliskipulag gerir ráð fyrir 3 íbúðarlóðum og 4 frístundalóðum að Ölversholti 3. Að Ölversholti 1 er gert ráð fyrir 1 íbúðarlóð. Frístunda- og íbúðarlóðir að Ölversholti 3, raðast á og kringum holtið Ölversholt og við Bæjarmýri. Íbúðarlóð að Ölversholti 1 er staðsett við mörk jarðanna og nýtir sömu aðkeyrslu og aðrar lóðir. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hlífa Bæjarmýri eins og gert er á deiliskipulagstillögunni. Að mati Umhverfisstofnunar verður ekki röskun á náttúruminum á náttúruminjaskrá vegna deiliskipulagstillögunnar og á svæðinu eru ekki vistgerðir eða jarðmyndanir er falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd nr.44/1999 fyrir utan Bæjarmýrina. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun